



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 12. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Fimmtudag, 03.02.2011 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður  
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

**Boðuð forföll:** Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari  
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** PI

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., þing KLÍ og önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

#### 2. Þing KLÍ:

Ákveðið að næsta þing KLÍ verði haldið 12. maí 2011. KFA verða gestgjafar og hefst þingið kl 19:00. Hafsteinn Pálsson hefur samþykkt að vera þingforseti og PI mun láta hann vita af þinginu.

#### 3. Önnur mál:

Keppnisskírteinin komin af stað og PMP vonast til að þau verði tilbúin í næstu viku.

PI sagði frá bréfasamskiptum milli hans, PMP og Soffíu Guðmundsdóttur v/stigatöflu og skilgreininga fyrir keilara ársins. Ekki rætt en PI mun senda bréfin á stjórn.

Farið var yfir póst frá Árna Geir Ómarssyni og hann ræddur. Stjórn sammála um að endurskoða þurfi 11. grein í reglugerð um keilumót.

ÓK sendi inn tillögu í framhaldi af bréfi ÁGÓ sem hjóðar svo: „Þar sem ljóst er að fjórir keppendur á Íslandsmóti einstaklinga með forgjöf eru að keppa með forgjöf sem eingöngu er ætluð byrjendum og þeim má vera ljóst að er röng þá verður ekki hjá því komist að vísa þessum keppendum úr mótinu. Þessir keppendur eru:

Haukur Bergmann Gunnarsson

Gunnar Þór Jónsson

Þorgeir Jónsson og

Guðmundur Konráðsson.“

Tillagan rædd og gengið til atkvæða. Þau féllu þannig að PI og VG á móti, PMP og OK með og GS sat hjá. Tillagan féll á jöfnum atkvæðum.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:35 – næsti fundur óákveðin.